

## ÚR SKÁLDAÞORPI

### FORMÁLI

Hveragerði var oft nefnt Skáldaþorpið vegna þess að á árunum 1933 – 74 settust mörg skáld að í bænum. Hér á eftir fylgja nokkur ljóð og lausavísur eftir þau skáld sem ég kynntist. Þjetur Hafstein Lárusson skrifaði góða bók sem hann nefndi Hveragerðisskáldin. Hann sagði mér að hann hefði ekki vitað af einu skáldinu, Ásdísi Jóhannsdóttur. Ég setti tvö ljóð eftir hana inn á síðuna, enda var hún frænka mín og saga hennar var mér kunn. Það væri vel þess virði að gefa út safn lausavísa þessara skálda því þær eru stútfullar af kímni sem hægt er að skemmta sér við þó maður þekki ekki persónurnar og atburðina sem um er fjallað. Krydda mætti bókina með gamansögum úr þorpinu.

### MARÍUVERS

Aftur fann hún það upp á víst:  
undur mjúklega á brjóstin þrýst,  
– öllu öðru hún gleymdi.  
Unaður, meiri en orð fá lýst,  
inn í skaut hennar streymdi.

Blóðheit, frjósöm og fagurbyggð,  
fann hún komið við sína dyggð,  
– engan segginn þó sá hún.  
Heilögum anda yfirskyggð  
aftur á bak þar lá hún.

Ástleitni guðsins ofurseld,  
ævintýrið það sama kveld  
syrgði hin sæla meyja:  
Almáttugur! Ég held . . . ég held . . .  
– hvað skyldi Jósef segja?

Jóhannes úr Kötlum

### Á FÖRNUM VEGI

Þeir hittust eitt sinn Gunnar Benediktsson og Kristmann Guðmundsson – andstæðir pólar í pólitík.

Kristmann segir:

„Ja, nú er það orðið svart í Sovétríkjunum, Gunnar minn. Lúsin herjar svo á mannfólkið að líkamarnir færast bara úr stað á nóttunni.“

Gunnar svarar:

„Parna sérðu nú mátt samtakanna.“

### ÞREKINN SVEINN

Jónas Ingimundarson píanóleikari dvaldi einn vetur hjá fjölskyldu minni að Hraunteigi á meðan hann lauk efsta bekk Gagnfæðaskólans. Kristján frá Djúpálæk kom eitt sinn sem oftari í heimsókn:

Jónas þykir þrekinn sveinn.  
Þekkjast fáir svona.  
Væri sagður ekki einn  
ef hann væri kona.

### HINIR ÚTVÖLDU

Arabinn og Gyðingurinn  
staðhæfa gneistandi augum:  
þetta er mitt land!  
unz hvirfilbyljunum lýstur saman  
og sandurinn tryllist af hatri  
en blóðskúr vökvar eyðimörkina.

Tvö samankuðluð hræ  
skrælna og molna í sólofninum  
þar til bræði guðanna tvístrar þeim:  
Allah feykir rykinu út í Rauðahafið  
Jahve feykir duftinu út í Dauðahafið  
– þannig er öllu réttlæti fullnægt ...

Jóhannes úr Kötlum

### VONIN

Ó, milda von,  
falska glit, er ávallt svíkur;  
í kyrrðinni hlusta ég á óm þinn,  
hljómlist Himnanna,  
er í þögn sinni yfirgnæfir  
veruleikans tryllta org.

Kristmann Guðmundsson

### REFSINGIN

Ástum hann sáði út í vind,  
Aðgát sjaldan kunni,  
kyssti Léttúð, kaup hjá Synd,  
kvæntist Refsingunni.

Séra Helgi Sveinsson

### Á SÍMSTÖÐINNI

Jóhannes úr Kötlum og Kristmann Guðmundsson rifjuðu upp vísur þeirra Verðandimanna, Bertels Ó.  
Þorvaldssonar og Einars H. Kvaran. Bertel kvað:

Kveifarlega kveinar,  
kvenmannlega veinar  
– Einar.

Einar svaraði:

Getur ekkert gert vel,  
gengur þó með sperrt stél  
– Bertel .

Jóhannes segir þá:

Lít ég einn sem list kann.  
Löngum hafa þær kysst hann,  
– Kristmann.

Kristmann svaraði:

Einkum þó vér ötlum,  
Að þær fari úr pjötlum  
Í Kötlum.

### HVÍLD

Yfir ennum fjalla  
er ró.  
Blær vakir varla  
um víðan skóg,  
vart grein er bærð.  
Söngfuglar sofa í náðum.  
Bíð, – einnig bráðum  
frið þinn þú færð.

Þýðing á ljóði eftir Goethe  
Séra Helgi Sveinsson

### KVÆÐIÐ UM SÁLINA

Ég blygðast mín fyrir að setja þann sannleik á blað,  
en svo var mér þungt í huga á stundum, að  
ég fórnaði höndum til himins í angist og það:  
Frelsaðu sál mína, Faðir!  
En Faðirinn þagði.  
Þar til í morgun, við sólris, hann sagði:  
Sál þína. – Hvað er það.

Kristján frá Djúpalæk

### ÞEIR SEM STELA

Þegar sektin sækir að  
sálarfriði manna  
flýja þeir oft í felustað  
frjálsu góðgerðanna.

Til að öðlast þjóðarpögn  
þegar þeir aðra véla  
gefa sumir agnarögn  
af því sem þeir stela.

Séra Helgi Sveinsson

## LOFSÖNGUR TIL LÍFSINS

Mig langar lofsöng að yrkja  
til lífsins sem mig ól  
Því nú á ég heiðríkju hugans  
og hjarta sem aldrei kól

Því lífið er eilífur leikur  
og lífið er eilíft og sterkt.  
Ég lifi í lífinu miðju  
og lífið er kraftaverk.

Ásdís Jóhannsdóttir

## HÉRAÐSLÆKNIRINN

Ungur læknir flutti í þorpið, Magnús Ágústsson. Hann var mikill myndarmaður og kvenþjóðin hugsaði hlýtt til hans:

Linast kvöl í hrygg og hupp,  
héraðslæknir tautar.  
Lyftir faldi, læðist upp  
lærið bert og sprautar.

Jóhannes úr Kötlum

## Á KENNARASTOFUNNI

Bjarni Eiríkur Sigurðsson:

Góðan daginn Gunnar Ben.

Gunnar Benediktsson:

Góðan daginn Bjarni.

Séra Helgi Sveinsson:

Er það satt að Ottesen  
eigi von á barni?

## SOMMERENS SIDSTE BLOSTER

Sommerens sidste blomster  
fandt jeg i dag på min vei,  
jeg bar dem hjem ved mitt hjerte,  
nu sender jeg dem til dig.

Det går et sukk gennem skogen  
av navnlös kvide og ve;  
snart sovner de sidste blomster  
under den første sne

Kristmann Guðmundsson

## UNGT FÓLK

Við skulum  
dansa í rökkrinu  
– berfætt,  
svo að við  
styggjum ekki  
drauma þeirra  
er sofa.  
  
Draumar eru  
fuglar,  
hvítir og svartir.  
Þeir kvaka  
stöðugt  
um sorgir og syndir,  
ást og unað.

Þeir töfra fram  
undarlega  
heima,  
sem við óttumst  
og elskum.  
  
Aldrei sjáum við  
hvað aðra dreymir.  
Dönsum því hljóðlega.  
Dönsum meðan við  
erum ung.  
  
Kári Tryggvason

## RIGNINGASUMAR

Sveipast landið suddatrekk.  
Sólina margur spyr um.  
Sumarið hjá garði gekk,  
en gleymdi að berja að dyrum.

Valdís Halldórsdóttir

## BRÚÐKAUPSKVÖLD

Er brúðurin kemur í kvöld til hallar minnar  
mun ég láta slökkva á öllum lömpum og öllum blysum  
og standa þó samt sem áður eins og blindaður ...  
Og ég mun skipa þrælum mínum að stöðva gosbrunn hallargarðsins  
til þess að ég heyri þeim mun betur hinn ljúfa ljúfa slátt hjarta míns.

Jóhannes úr Kötlum

## VIÐ BRÁKARSUND

Þorgerður Brák var írsk ambátt á 9. Og 10. öld. Hún var í eigu Skallagríms Kveldúlfssonar og Beru konu hans. Brák var fóstura Egils Skallagrímssonar.

Hinn grái straumur gárar sundsins ál,  
grátvana rómi óma klettaþrepin:  
Hún kenndi landsins mesta skáldi mál,  
móðgaði ríkan eiganda sinn, var drepin.

Valdís Halldórsdóttir

**KVEÐJA TIL MÖMMU**  
**frá háskólaárunum í Þýskalandi,**  
**stundaði nám í efnafræði – góð í faginu**

Mamma, ég skil þegar hljóðlega hjartanu blæðir  
þú horfir með tárur,  
er sérðu nú barnið þitt hverfa yfir haustsollnar flæðir,  
hnigin að árum.

Þú óttast um velferð þíns vængstutta, flugdjarfa unga,  
sem velkist á bárum.

Á hnokkann þinn yngsta, er hverfur í lífsstrauminn þunga  
þú horfir með tárur.

Ásdís Jóhannsdóttir

**AÐ GREFTRA LÁTIÐ HOLD**

Hveragerðishreppur var stofnaður út úr Ölfusi árið 1946. Hvergerðingar sóttu kirkju að Kotströnd í Ölfusinu – þar var kirkjugarður.

Hér er kominn hreppur nýr,  
hann er sagður kostarýr  
þegar lífs vér brjótum brýr,  
bæði segi og skrifa.  
Í öllum hreppnum engin mold  
í að greftra látið hold.  
Við neyðumst til að nuddast við að lifa.

En svo er aftur önnur sveit  
einstaklega kostafeit,  
enga frjórri augað leit,  
um að tala og skrifa.  
Þar er þessi þykka mold.  
þar má greftra látið hold.  
Þar eru menn sem þurfa ekki að lifa.

Gunnar Benediktsson